

Sveitarfélagið Vogar
Davíð Viðarsson
Iðndal 2
190 Vogar

Reykjavík, 27. janúar 2023
Tilvísun: 202301148 / 5.0

Efni: Beiðni um endurskoðun umhverfismats Suðurnesjalínu 2

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Voga, dags. 23. janúar 2023, þar sem óskað er álit Skipulagsstofnunar á því hvort endurskoða þurfi umhverfismat Suðurnesjalínu 2 að hluta eða í heild samkvæmt 28. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í 1. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021 segir að í þeim tilvikum þegar umhverfismatsferli framkvæmdar er lokið við gildistöku laganna skuli ákvæði eldri laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er lúta að leyfisveitingum vegna framkvæmdarinnar gilda.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2 lá fyrir 22. apríl 2020. Lög nr. 111/2021 tóku gildi 1. september 2021 og gilda því ákvæði áðurgildandi laga nr. 106/2000, sbr. áður nefnt ákvæði til bráðabirgða.

Í 12. gr. laga nr. 106/2000 er fjallað um endurskoðun matsskýrslu. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. skal leyfisveitandi óska ákvörðunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt ef framkvæmdir hefjist ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Í 2. mgr. laganna segir að Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. hafi forsendur breyst verulega frá því álit stofnunarinnar lá fyrir. Með vísan til úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 77/2017 (Hringvegur um Hornafjörð) er það mat Skipulagsstofnunar að túlka beri 2. mgr. 12. gr. með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. því er ekki hægt að beita 2. mgr. með sjálfstæðum hætti án tillits til skilyrða í 1. mgr. 12. gr.

Sem fyrr segir lá álit Skipulagsstofnunar fyrir árið 2020 og því eru ekki 10 ár liðin frá því álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2 lá fyrir. Skilyrði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 er því ekki fullnægt og hefur Skipulagsstofnun þar af leiðandi ekki heimild til að taka ákvörðun um endurskoðun matsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2.

Beiðni Sveitarfélagsins Voga um ákvörðun um hvort endurskoða eigi umhverfismat Suðurnesjalínu 2 er því vísað frá.

Egill Þórarinsson